

11. gr.

Aðalfund deilda skal halda eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Um boðun hans skal fara á sama hátt og um boðun funda í veiðifélaginu. Sama gildir um aukafundi. Sbr. 56. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

12. gr.

Á aðalfundi deilda skal ákveðið, hvernig ráðstafa skal veiði á deildarsvæðinu, enda hafi félagsmenn ekki fyrir lok janúar komið með ósk um að ráðstafa veiðinni sjálfir. Ákvörðun deildar í þessu efni er háð samþykki aðalfundar félagsins.

Vanræki deild að ráðstafa veiði eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein, er stjórn félagsins heimilt að leigja veiðina einstökum mönnum eða félögum, en þó ekki til lengri tíma en eins árs í senn. Ef deila ris milli stjórnar deilda og félagsstjórnar má vísa málinu til aðalfundar félagsins til úrskurðar.

13. gr.

Reikningsár deilda er hið sama og félagsins, og ber að haga reikningshaldi, skráningu fundargerða o. fl. á sama hátt og ákveðið er í 7. gr.

14. gr.

Verkefni deilda er að sjá um skiptingu á veiði, leigja út veiði, innheimta greiðslur fyrir og skipta arði milli félagsmanna samkvæmt arðskrá félagsins. Þá skulu þær annast greiðslur til veiðifélagsins í sama hlutfalli og arður er greiddur.

Endurskoðaða reikninga deilda skal leggja fyrir aðalfund þeirra til samþykktar og síðan fyrir aðalfund í veiðifélaginu, og úrskurðar fundurinn um þá.

15. gr.

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt gildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning á þingstað í Seyluhreppi.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 20. þ. m., og ósk hreppsnefndar Seyluhrepps, Skagafjarðarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Brautarholti að félagsheimilinu Miðgarði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.